

Erindisbréf skóla- og fræðslunefndar

I. Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Skóla- og fræðslunefnd starfar í umboði bæjarstjórnar að skóla- og fræðslumálum samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem er gert í samræmi við samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

2. gr.

Skóla- og fræðslunefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði skóla- og fræðslumála. Nefndin fylgist með að unnið sé að settum markmiðum í málaflokknum, veitt sé góð þjónusta og starfsemin sé skilvirk og hagkvæm.

3. gr.

Helstu verkefni skóla- og fræðslunefndar eru:

- að hafa eftirlit með að öll börn í Snæfellsbæ njóti lögboðinnar fræðslu og umönnunar,
- að hafa eftirlit með stofnunum, sem heyra undir nefndina, en í því felst annars vegar stuðningur við nemendur og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra,
- að gera tillögur að framkvæmdum fyrir fjárhagsáætlun til bæjarstjórnar um þá liði sem falla undir verksvið nefndarinnar í samstarfi við viðkomandi starfsmenn,
- að fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt menntastefnunni og öðrum stefnum sem heyra undir starfssviðið,
- að staðfesta starfsáætlun allra skóla sveitarfélagsins,
- að fylgjast með framkvæmd náms og kennslu í sveitarfélaginu og gerð skólanámskrár og gerir tillögur til skólastjóra og/eða sveitarstjórnar um umbætur í skólastarfi,
- að fylgjast með og stuðla að því að nemendum og skólum sé tryggður aðgangur að skólaþjónustu og að jafnan sé fyrir hendi viðeigandi húsnæði fyrir kennslu og annar aðbúnaður,
- að stuðla að tengslum og samstarfi leik- og grunnskóla annars vegar og grunnskóla og framhaldsskóla hins vegar,
- að stuðla að samþættingu þjónustu sem veitt er á vegum skólakerfisins við aðra þjónustu sem er veitt í þágu barna,
- að hafa eftirlit með innra og ytra gæðamati skólanna og fylgir eftir umbótaáætlun í kjölfar þess,
- að gera tillögu til bæjarstjórnar um skólagjöld Tónlistarskólans fyrir fjárhagsáætlun hvers árs,

- að vera til ráðgjafar í skóla- og fræðslumálum og gera tillögur um úrbætur á því sviði sem undir hana heyrir,
- að fjalla um þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni hverju sinni.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

4. gr.

Skóla- og fræðslunefnd hefur eftirlit með framkvæmd eftirfarandi laga og reglugerða byggðra á þeim, eins og þau eru hverju sinni og að því marki sem lögin setja skyldur á herðar sveitarfélaga:

- a) lög um grunnskóla nr. 91/2008
- b) lög um leikskóla nr. 90/2008
- c) lög um fjárhagslegan stuðning tónlistarskóla nr. 75/1985
- d) önnur lög og reglugerðir sem á hverjum tíma tengjast verkefnum nefndarinnar.

5. gr.

Skóla- og fræðslunefnd starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar, svo sem menntastefnu Snæfellsbæjar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndin skal eiga samstarf við aðrar nefndir bæjarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

II. Skipan nefndarinnar

6. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm nefndarmenn í skóla- og fræðslunefnd til fjögurra ára og fimm til vara. Nefndin kys sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og varaformann á fyrsta fundi sínum.

7. gr.

Formaður skóla- og fræðslunefndar stjórnar fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

8. gr.

Skóla- og fræðslunefnd heldur að jafnaði einn fund í mánuði. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess. Skóla- og fræðslunefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi.

9. gr.

Auk kjörinna fulltrúa skóla- og fræðslunefndar eiga eftirtaldir rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt:

- a) einn fulltrúi grunnskólastjóra
- b) einn fulltrúi kosinn úr hópi fastráðinna kennara
- c) einn fulltrúi foreldra, sbr. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 81/2008
- d) einn fulltrúi leikskólastjóra
- e) einn fulltrúi úr hópi starfsmanna leikskólanna
- f) einn fulltrúi tilnefndur af foreldrafélagi barna í leikskólanum,
- g) skólastjóri tónlistarskólans
- h) formaður foreldraráðs tónlistarskólans
- i) fulltrúi ungmennaráðs

Formaður skóla- og fræðslunefndar boðar framangreinda áheyrnarfulltrúa á fundi nefndarinnar þegar þau málefni eru á dagskrá sem áheyrnarfulltrúi er tilnefndur til að gæta hagsmuna fyrir.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

III. Yfirstjórn skóla- og fræðslumála

10. gr.

Formaður skóla- og fræðslunefndar er í forsvari fyrir skóla- og fræðslunefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Bæjarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. Fundarsköp nefndarinnar

11. gr.

Um fundarsköp á fundum skóla- og fræðslunefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

12. gr.

Fundargerðir skóla- og fræðslunefndar skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir skóla- og fræðslunefndar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

13. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir skóla- og fræðslunefndar til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

V. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

14. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

15. gr.

Um hæfi nefndarmanna í skóla- og fræðslunefnd gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi skóla- og fræðslunefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

16. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi skóla- og fræðslunefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í skóla- og fræðslunefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

17. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

VI. Eftirfylgni

18. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VII. Gildistaka

19. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf ípróttá- og æskulýðsnefndar

I. Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Ípróttá- og æskulýðsnefnd Snæfellsbæjar starfar, í umboði bæjarstjórnar, að ípróttá- og æskulýðsmálum í sveitarfélaginu samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og eftir því sem nánar er kveðið á um í þessu erindisbréfi sem gert er í samræmi við samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

2. gr.

Ípróttá- og æskulýðsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnumörkun á sviði ípróttá- og æskulýðsmála. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar í málaflokknum, fylgist með að unnið sé að settum markmiðum í málaflokknum og gerir tillögur að úrbótum til bæjarstjórnar þar sem þeirra er þörf.

3. gr.

Helstu verkefni ípróttá- og æskulýðsnefndar eru:

- að vera bæjarstjórn til ráðgjafar og veita umsögn um erindi er tengjast ípróttá- og æskulýðsmálum,
- að fylgjast með framkvæmd ípróttalaga nr. 64/1998, æskulýðslaga nr. 70/2007 og annarra laga og reglugerða er snerta starfssvið nefndarinnar,
- að vinna að eflingu félags- og ípróttastarfs og heilsueflandi tómstundaiðju meðal íbúa bæjarins og hafa um það samvinnu við aðra aðila sem að þeim málum koma,
- að stuðla að fjölbreytni í ípróttá- og æskulýðsmálum fyrir börn og ungmenni,
- að hafa eftirlit með ípróttamannvirkjum og húsnæði félagsmiðstöðvar bæjarins í samvinnu við ípróttá- og æskulýðsfulltrúa,
- að fylgjast með og vera upplýst um starfsemi félagsmiðstöðvarinnar,
- að efla fræðslu og forvarnir í samstarfi við sameiginlega velferðarnefnd sem starfar undir Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, skóla, heilbrigðisyrðvöld, ípróttafélög og aðra viðeigandi aðila,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um útgáfu fræðsluefnis og aðra kynningu fyrir íbúa sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir um þau mál sem falla undir starfssvið nefndarinnar,
- að vera ípróttá- og æskulýðsfulltrúa innan handar við framkvæmd heilsuviku í Snæfellsbæ og jafnframt annarra viðburða sem haldnir eru innan þessa málaflokks,
- gera tillögur til bæjarstjórnar um markmið í ípróttá- æskulýðs- og forvarnarmálum og fylgja því eftir að unnið sé samkvæmt ípróttá- og æskulýðsstefnu Snæfellsbæjar, forvarnarstefnu Snæfellsness og öðrum stefnum sem heyra undir starfssvið nefndarinnar,

- fylgjast með gerð áætlana fyrir íþrótt- og tómstundastarf í Snæfellsbæ í samráði við íþrótt- og æskulýðsfulltrúa, íþróttafélög og aðra sem slíku starfi sinna,
- að fylgjast með framboði sumarnámskeiða innan sveitarfélagsins,
- að leggja fram tillögur er varða skipulag og uppbyggingu vinnuskóla ungmenna í sveitarfélaginu,
- að fjalla um önnur þau mál er bæjarstjórn felur nefndinni.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd hefur umsagnarrétt um tillögur íþrótt- og æskulýðsfulltrúa við fjárhagsáætlunargerð og getur gert sínar tillögur til bæjarráðs.

Formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar á sæti í stýrihópnum sem heldur utan um verkefnið Heilsueflandi samfélag.

Sé nefndinni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og það leggur þær skyldur á herðar fulltrúum í nefndinni að setja ávallt almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.

4. gr.

Íþrótt- og æskulýðsnefnd starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

Nefndin skal eiga samstarf við aðrar nefndir bæjarfélagsins, eftir því sem málefni gefa tilefni til á hverjum tíma.

II. Skipan nefndarinnar

5. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa fimm nefndarmenn í íþrótt- og æskulýðsnefnd til fjögurra ára og fimm til vara. Nefndin kys sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og varaformann á fyrsta fundi sínum.

6. gr.

Formaður íþrótt- og æskulýðsnefndar stjórnar fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

7. gr.

Íþróttta- og æskulýðsnefnd kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

8. gr.

Íþróttta- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar starfar með íþróttta- og æskulýðsnefndinni og situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Einn fulltrúi ungmennaráðs hefur einnig rétt til setu á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Yfirstjórn íþróttta- og æskulýðsmála

9. gr.

Formaður íþróttta- og æskulýðsnefndar er í forsvari fyrir íþróttta- og æskulýðsnefnd um stefnumótun og ákvarðanir hennar eftir því sem við á. Bæjarstjóri ber ábyrgð á fjármálum málaflokksins og framkvæmd ákvarðana nefndarinnar.

IV. Fundarsköp nefndarinnar

10. gr.

Um fundarsköp á fundum íþróttta- og æskulýðsnefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

11. gr.

Fundargerðir íþróttta- og æskulýðsnefndar skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir íþróttar- og æskulýðsnefndar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

12. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir íþróttar- og æskulýðsnefndar til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

V. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

13. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

14. gr.

Um hæfi nefndarmanna í íþróttar- og æskulýðsnefnd gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi íþróttar- og æskulýðsnefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

15. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi íþróttar- og æskulýðsnefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í íþróttar- og æskulýðsnefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

16. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

VI. Eftirfylgni

17. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktar nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VII. Gildistaka

19. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars

I. Verkefni stjórnarinnar

1. gr.

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum Jaðars samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

2. gr.

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars er bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum er varða heimilið. Stjórnin gerir tillögur til bæjarstjórnar um markmið og rekstur Jaðars og gerir tillögur um úrbætur. Stjórnin hefur jafnframt eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar varðandi Jaðar náí fram að ganga.

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna heimilisins. Stjórnin skal hafa faglegt eftirlit með rekstri Jaðars og að heimilið starfi innan laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Sé stjórninni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

II. Skipan stjórnarinnar

4. gr.

Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa þrjá nefndarmenn í stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars til fjögurra ára og þrjá til vara. Stjórnin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, og varaformann á fyrsta fundi sínum.

5. gr.

Formaður stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars stjórnar fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

6. gr.

Stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta

fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

7. gr.

Forstöðumaður Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars starfar með stjórninni og situr fundi stjórnarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórninni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Fundarsköp nefndarinnar

8. gr.

Um fundarsköp á fundum stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

9. gr.

Fundargerðir stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

10. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

11. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

12. gr.

Um hæfi nefndarmanna í stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi stjórnarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

13. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar Dvalar- og hjúkrunarheimilisins Jaðars nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í stjórn Dvalar- og hjúkrunarheimilisins forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

14. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

15. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VI. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bærarstjóri

Erindisbréf landbúnaðar- og fjallskilaneftndar

I. Verkefni nefndarinnar

1. gr.

Landbúnaðar- og fjallskilaneftnd Snæfellsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum landbúnaðar og fjallskila samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

2. gr.

Landbúnaðar- og fjallskilaneftnd fer með lögbundin verkefni sem tengjast málaflokknum, samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem í gildi eru, m.a. fer nefndin með yfirstjórn fjallskilamála skv. lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986, umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994, umsjón og ráðgjöf um búfjárgirðingar skv. girðingalögum nr. 135/2001, Nefndin skal funda eftir þörfum.

3. gr.

Helstu verkefni landbúnaðar- og fjallskilaneftndar eru:

- að hafa yfirumsjón með fjallskilamálum í Snæfellsbæ,
- að framfylgja ákvæðum fjallskilasamþykktar fyrir Snæfells- og Hnappadalssýslu,
- að fylgjast með að reglum um rekstur til afrétta sé framfylgt sbr. III. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 en hann fjallar um verndun beitolands og ítölu,
- að ákveða og auglýsa gangnadaga og skipuleggja leitir,
- að fylgjast með ástandi rétta og viðhaldspörf þeirra,
- að fylgjast með ástandi afrétta og heimalanda í samráði við umhverfis- og skipulagsneftnd og Landgræðslu ríkisins skv. 15. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986,
- að leggja fram tillögur að aðgerðum til að bæta meðferð afrétta og til verndar gróðri ef þörf er talin á sbr. 16.-19. gr. fyrrneftndra laga,
- að fylgjast með ástandi bæjargirðingar og viðhaldspörf hennar,
- að fara með málefni varðandi eyðingu refa og minka sbr. lög um friðun veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 60/1994,
- að fara með þær skyldur sveitarfélagsins sem koma fram í lögum um velferð dýra nr. 55/2013
- að fjalla um þau mál sem bæjarstjórn felur nefndinni hverju sinni.

II. Skipan nefndarinnar

4. gr.

Í landbúnaðar- og fjallskilanefnd eiga sæti þrír fulltrúar, sem bæjarstjórn kýs til fjögurra ára, að afloknum sveitarstjórnarkosningum skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar. Á sama hátt eru kjörnir þrír fulltrúar til vara. Auk kjörinna fulltrúa á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

Nefndin kýs sér formann á fyrsta fundi sínum, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn. Jafnframt kýs nefndin sér ritara.

5. gr.

Formaður landbúnaðar- og fjallskilanefndar stjórnar fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar nefndarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

III. Fundarsköp nefndarinnar

6. gr.

Um fundarsköp á fundum landbúnaðar- og fjallskilanefndar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

7. gr.

Landbúnaðar- og fjallskilanefnd kemur saman fyrir luktum dyrum og fundar eftir þörfum.

8. gr.

Fundargerðir landbúnaðar- og fjallskilanefndar skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,

- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir landbúnaðar- og fjallskilanefndar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

9. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

10. gr.

Um hæfi nefndarmanna í landbúnaðar- og fjallskilanefndar gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi landbúnaðar- og fjallskilanefndar gilda ákvæði II. kafla stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

11. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi landbúnaðar- og fjallskilanefndar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í landbúnaðar- og fjallskilanefnd forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

12. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

13. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar landbúnaðar- og fjallskilaneftndar skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VI. Lög og reglugerðir

14. gr.

Í störfum sínum skal landbúnaðar- og fjallskilaneftnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar eins og hún er hverju sinni. Það á einnig við um samninga eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

VII. Gildistaka

15. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf stjórnar Félagsheimilisins Klifs

I. Verkefni stjórnarinnar

1. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Klifs starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum félagsheimilisins samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

2. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Klifs er bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum er varða félagsheimilið.

- Stjórn Félagsheimilisins Klifs skal stuðla að aukinni nýtingu á húsinu, m.a. með samvinnu við aðrar nefndir, stofnanir og félagasamtök sem vinna að auknu menningarlífi í Snæfellsbæ. Má þar nefna t.a.m. Menningarnefnd og markaðs- og upplýsingafulltrúa Snæfellsbæjar.
- Stjórn Félagsheimilisins Klifs skal stuðla að aukinni kynningu á húsinu, bæði innan sveitarfélagsins og utan.
- Stjórnin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og skal ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.
- Stjórnin gerir tillögur til bæjarstjórnar um markmið og rekstur Klifs og gerir tillögur um úrbætur. Stjórnin hefur jafnframt eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar varðandi Klif nái fram að ganga.
- Stjórn Félagsheimilisins Klifs gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna heimilisins. Stjórnin skal gera úttekt á þeim framkvæmdum sem hún telur að þurfi að fara fram í húsinu og koma með kostnaðaráætlun til bæjarstjórnar vegna þeirra í tengslum við fjárhagsáætlunargerð. Tæknideild Snæfellsbæjar skal vera stjórninni innan handa við þessa vinnu.
- Stjórn Félagsheimilisins Klif hefur ekki heimild til að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga fyrir hönd Snæfellsbæjar nema samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun eða með sérstakri heimild bæjarstjórnar.
- Stjórnin skal hafa faglegt eftirlit með rekstri félagsheimilisins og að það starfi innan laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Sé stjórninni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Klifs starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

II. Skipan stjórnarinnar

4. gr.

Í stjórn Félagsheimilisins Klifs eiga sæti þrír fulltrúar. Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa tvo nefndarmenn í stjórn Félagsheimilisins Klifs til fjögurra ára. Félagasamtök í Ólafsvík skipar einn aðila í stjórnina.

Stjórnin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

5. gr.

Formaður stjórnar Félagsheimilisins Klifs stjórnar fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

6. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Klifs kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

7. gr.

Húsvörður félagsheimilisins starfar með stjórninni og situr fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórninni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Fundarsköp nefndarinnar

8. gr.

Um fundarsköp á fundum stjórnar Félagsheimilisins Klifs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

9. gr.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins Klifs skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,

- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins Klifs eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

10. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir stjórnar Félagsheimilisins Klifs til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

11. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

12. gr.

Um hæfi nefndarmanna í stjórn Félagsheimilisins Klifs gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi stjórnarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

13. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar Félagsheimilisins Klifs nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í stjórn Félagsheimilisins Klifs forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

14. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

15. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VI. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf stjórnar Félagsheimilisins Rastar

I. Verkefni stjórnarinnar

1. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Rastar starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum félagsheimilisins samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

2. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Rastar er bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum er varða félagsheimilið.

- Stjórn Félagsheimilisins Rastar skal stuðla að aukinni nýtingu á húsinu, m.a. með samvinnu við aðrar nefndir, stofnanir og félagasamtök sem vinna að auknu menningarlífi í Snæfellsbæ. Má þar nefna t.a.m. Menningarnefnd og markaðs- og upplýsingafulltrúa Snæfellsbæjar.
- Stjórn Félagsheimilisins Rastar skal stuðla að aukinni kynningu á húsinu, bæði innan sveitarfélagsins og utan.
- Stjórnin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og skal ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.
- Stjórnin gerir tillögur til bæjarstjórnar um markmið og rekstur Rastar og gerir tillögur um úrbætur. Stjórnin hefur jafnframt eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar varðandi Röst nái fram að ganga.
- Stjórn Félagsheimilisins Rastar gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna heimilisins. Stjórnin skal gera úttekt á þeim framkvæmdum sem hún telur að þurfi að fara fram í húsinu og koma með kostnaðaráætlun til bæjarstjórnar vegna þeirra í tengslum við fjárhagsáætlunargerð. Tæknideild Snæfellsbæjar skal vera stjórninni innan handa við þessa vinnu.
- Stjórn Félagsheimilisins Rastar hefur ekki heimild til að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga fyrir hönd Snæfellsbæjar nema samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun eða með sérstakri heimild bæjarstjórnar.
- Stjórnin skal hafa faglegt eftirlit með rekstri félagsheimilisins og að það starfi innan laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Sé stjórninni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Rastar starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

II. Skipan stjórnarinnar

4. gr.

Í stjórn Félagsheimilisins Rastar eiga sæti þrír fulltrúar. Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa tvo nefndarmenn í stjórn Félagsheimilisins Rastar til fjögurra ára. Félagasamtök á Hellissandi og Rífi skipa einn aðila í stjórnina.

Stjórnin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

5. gr.

Formaður stjórnar Félagsheimilisins Rastar stjórnar fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

6. gr.

Stjórn Félagsheimilisins Rastar kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

7. gr.

Húsvörður félagsheimilisins starfar með stjórninni og situr fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórninni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Fundarsköp nefndarinnar

8. gr.

Um fundarsköp á fundum stjórnar Félagsheimilisins Rastar gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

9. gr.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins Rastar skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,
- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,

- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins Rastar eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

10. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir stjórnar Félagsheimilisins Rastar til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

11. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

12. gr.

Um hæfi nefndarmanna í stjórn Félagsheimilisins Rastar gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi stjórnarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

13. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar Félagsheimilisins Rastar nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í stjórn Félagsheimilisins Rastar forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

14. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

15. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VI. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Erindisbréf stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli

I. Verkefni stjórnarinnar

1. gr.

Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli starfar í umboði bæjarstjórnar að málefnum félagsheimilisins samkvæmt lögum og reglugerðum er þar að lúta og því sem bæjarstjórn felur henni.

2. gr.

Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli er bæjarstjórn til ráðgjafar í málefnum er varða félagsheimilið.

- Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli skal stuðla að aukinni nýtingu á húsinu, m.a. með samvinnu við aðrar nefndir, stofnanir og félagasamtök sem vinna að auknu menningarlífi í Snæfellsbæ. Má þar nefna t.a.m. Menningarnefnd og markaðs- og upplýsingafulltrúa Snæfellsbæjar.
- Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli skal stuðla að aukinni kynningu á húsinu, bæði innan sveitarfélagsins og utan.
- Stjórnin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og vinna séu fyrst og fremst í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og skal ávallt setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum, hvort heldur sínum eigin eða einstakra hópa.
- Stjórnin gerir tillögur til bæjarstjórnar um markmið og rekstur félagsheimilisins og gerir tillögur um úrbætur. Stjórnin hefur jafnframt eftirlit með því að samþykkt markmið bæjarstjórnar varðandi Félagsheimilið á Lýsuhóli nái fram að ganga.
- Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli gerir tillögur til bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna heimilisins. Stjórnin skal gera úttekt á þeim framkvæmdum sem hún telur að þurfi að fara fram í húsinu og koma með kostnaðaráætlun til bæjarstjórnar vegna þeirra í tengslum við fjárhagsáætlunargerð. Tæknideild Snæfellsbæjar skal vera stjórninni innan handa við þessa vinnu.
- Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli hefur ekki heimild til að stofna til fjárhagslegra skuldbindinga fyrir hönd Snæfellsbæjar nema samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun eða með sérstakri heimild bæjarstjórnar.
- Stjórnin skal hafa faglegt eftirlit með rekstri félagsheimilisins og að það starfi innan laga og samþykktar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Sé stjórninni ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir hennar tillögur til bæjarstjórnar, enda þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir nefndar. Slíkar ákvarðanir þurfa því staðfestingu bæjarstjórnar.

3. gr.

Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli starfar í samræmi við samþykktir og reglur sem bæjarstjórn hefur sett eða kann að setja um verkefni hennar. Það á einnig við um samninga og samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

II. Skipan stjórnarinnar

4. gr.

Í stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli eiga sæti þrír fulltrúar. Bæjarstjórn skal á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum kjósa tvo nefndarmenn í stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli til fjögurra ára. Félagasamtök í sunnanverðum Snæfellsbæ skipa einn aðila í stjórnina.

Stjórnin kýs sér formann, hafi hann ekki verið skipaður af bæjarstjórn, varaformann og ritara á fyrsta fundi sínum.

5. gr.

Formaður stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli stjórnar fundum stjórnarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar og sér um að allt fari þar löglega og skipulega fram. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum en skjóta má úrskurði hans til úrlausnar stjórnarinnar. Fundarmönnum er skylt að lúta valdi formanns að því er varðar fundarsköp og góða reglu.

Formaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

6. gr.

Stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma, samkvæmt fundaplani. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á sínum fyrsta fundi á hverju hausti. Aukafundi skal halda eftir þörfum að ákvörðun formanns eða ef a.m.k. tveir nefndarmenn óska þess.

7. gr.

Húsvörður félagsheimilisins starfar með stjórninni og situr fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt.

Þá á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt.

Stjórninni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

III. Fundarsköp nefndarinnar

8. gr.

Um fundarsköp á fundum stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

9. gr.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli skulu tölvuskráðar. Við skráningu skal fylgja þeim meginreglum sem gilda um skráningu fundargerða bæjarstjórnar, sbr. 16. gr. í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Í tölvuskráða fundargerð skal færa:

- a. fundartíma og fundarstað,
- b. nöfn aðalmanna og varamanna sem sækja fundinn,

- c. nöfn starfsmanna sem sækja fundinn,
- d. heiti og númer fundarefna sem tekin eru fyrir,
- e. greinargóða lýsingu á hverju fundarefni,
- f. bókanir nefndarinnar eða einstakra fundarmanna um fundarefni þar sem það á við,
- g. í fundargerð skal einnig koma fram ef fundarmenn víkja af fundi eða koma til fundar eftir að hann hefst.

Í lok fundar skal tölvuskráð fundargerð undirrituð rafrænt af fundarmönnum.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar.

Fundargerðir stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli eru birtar að afgreiðslu lokinni á heimasíðu Snæfellsbæjar.

10. gr.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarmanna er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

Ályktanir stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli til bæjarstjórnar og bæjarráðs skal ætíð senda í sérstöku erindi.

IV. Hæfi, réttindi og skyldur nefndarmanna og annarra fundarmanna

11. gr.

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda, eftir því sem við á, ákvæði II. og III. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sbr. einnig IV. kafla sömu laga og III. og IV. kafla í samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar. Nefndarmönnum er skylt að kynna sér þessi ákvæði.

12. gr.

Um hæfi nefndarmanna í stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli gilda ákvæði 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og samþykktar um stjórn Snæfellsbæjar.

Um hæfi annarra sem sitja fundi stjórnarinnar gilda ákvæði II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenn hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

13. gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja alla fundi stjórnar Félagsheimilisins á Lýsuhóli nema lögmæt forföll hamli svo sem önnur brýnni skyldustörf eða veikindi. Sé nefndarmaður í stjórn Félagsheimilisins á Lýsuhóli forfallaður um stundarsakir skal hann tilkynna eða láta tilkynna forföllin til formanns og boða varamann sinn á fund.

14. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að nefndarmaður lætur af þeim störfum. Þetta ákvæði á einnig við um aðra sem boðaðir eru til fundar.

V. Eftirfylgni

15. gr.

Nefndarformaður og aðrir nefndarmenn skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar og þannig tryggja að tekin sé afstaða til þeirra og þær framkvæmdar, í þeim tilfellum sem við á.

VI. Gildistaka

16. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnsýslulögum nr. 37/1993 og samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarstjórnar 3. september 2026 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 3. september 2026

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

Kristinn Jónasson

From: Sveinn Jónatansson <sj@jonatansson.is>
Sent: mánudagur, 31. ágúst 2026 15:12
To: oddviti@eyjaogmikla.is; Kristinn Jónasson; jakob@stykkisholmur.is; sveitarstjori@borgarbyggd.is; birkir@grundarfjordur.is; Bjarki Þorsteinsson
Subject: Samningur aðildarsveitarfélaga að byggðasamlaginu Félags- og skólapjónusta Snæfellinga (FSS) um aðild að Barnaverndarþjónustu Vesturlands
Attachments: Viðauki 1 Aðildarsveitarfélög FSS verða aðilar að samningi um barnaverndarþjónustu (1).pdf; B_nr_121_2024_Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit_samningur um barnavernd.pdf

Sæl öll,

Þá hefur viðaukinn, sem felur í sér samning aðildarsveitarfélaga að byggðasamlaginu Félags- og skólapjónusta Snæfellinga (FSS) um aðild að Barnaverndarþjónustu Vesturlands, verið undirritaður af öllum bæjarstjórum og oddvitum, sbr. meðfylgjandi viðauka.

Næsta skref er að fá hann samþykktan í sveitarstjórnum þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að viðaukanum.

Þar þarf aðalsamningurinn, sem er meðfylgjandi, að fylgja viðaukanum við afgreiðslu málsins, enda er það aðalsamningurinn ásamt viðauka sem mun fela í sér samningsskyldur viðkomandi sveitarfélaga.

Aðeins er þörf á einni umræðu um samninginn enda er um samning að ræða en ekki samþykktir eða reglur sveitafélags. Nýjar samþykktir FSSF sem áður voru samþykktar í tengslum við þetta samstarf þurftu tvær umræður á grundvelli 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 enda var um að ræða nýjar samþykktir og reglur byggðasamlagsins.

Þegar samþykki og staðfesting allra sveitarfélaganna liggur fyrir þá mun viðaukinn verða auglýstur í Stjórnartíðindum og fær hann gildi lögum samkvæmt í framhaldi af því.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá hafið samband.

Með kveðju,
Sveinn Jónatansson
hæstaréttarlögmaður
JÓNATANSSON & CO. Lögfræðistofa
Suðurlandsbraut 6 | 108 Reykjavík
S: 533 34 34

Viðauki 1

Barnaverndarþjónusta Vesturlands

1. gr.

Viðauki þessi er gerður við samning Borgarbyggðar, kt. 510694-2289 og Hvalfjarðarsveitar, kt. 630606-1950, um barnaverndarþjónustu, sem hefur verið birtur í Stjórnartíðindum með nr. 121/2024 (hér eftir „samningurinn“ eða „samningur Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar“). Með viðauka þessum verða Eyja- og Miklaholtshreppur, kt. 690894-2469; Grundarfjarðarbær, kt. 520169-1729; Snæfellsbær, kt. 510694-2449; og Sveitarfélagið Stykkishólmur, kt. 620269-7009; hluti af samningnum, sbr. 1. gr. hans, með þeim skilmálum sem kveðið er á um í viðauka þessum (saman verður vísað til framangreindra sveitarfélaga, að undanskildri Borgarbyggð, sem „sveitarfélögin“). Skal samstarf aðila nefnt „Barnaverndarþjónusta Vesturlands“. Að öðru leyti skal, eftir því sem við á, fara um samningssamband aðila samkvæmt samningi Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

Borgarbyggð var falið af Hvalfjarðarsveit, með samningi um barnaverndarþjónustu, og nú með viðauka þessum, að vera leiðandi sveitarfélag þegar kemur að barnaverndarþjónustu. Það felur í sér að sveitarfélögin hafa framselt vald til töku ákvarðana, sem taldar eru upp í 2. gr. þessa viðauka, sbr. einnig 6. gr. samningsins, til Borgarbyggðar á grundvelli heimildar 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá Borgarbyggð eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðna til nefnda og/eða starfsmanna, og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 (hér eftir „bvl.“ eða „barnaverndarlög“) er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu, og er sveitarstjórn og fastanefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu né taka ákvarðanir í barnaverndarmálum, að undanskildum eftirlitsheimildum Velferðarnefndar Borgarbyggðar vegna yfirstjórnar hennar.

2. gr.

Sveitarfélögin fela Borgarbyggð, með viðauka þessum, að vera leiðandi sveitarfélag í framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustu skv. 10., 11. og 12. gr. bvl. Sveitarfélögin hafa þannig framselt til Borgarbyggðar vald til fullnaðarafgreiðslu mála skv. 3. mgr. 12. gr. bvl. og ber Borgarbyggð því ábyrgð á öllum verkefnum og ákvörðunum sem byggja á barnaverndarlögum sem ekki hafa verið falin öðrum, þ.m.t. umdæmisráði, dómstólum eða öðrum stjórnvöldum, sbr. 2. mgr. 10. gr. bvl. Um er að ræða m.a. eftirfarandi verkefni:

- a) að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögnum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.
- b) ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.
- c) gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- d) taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.
- e) veita aðstoð, sbr. a-e liður 1. mgr. 24. gr.
- f) taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í föstur, sbr. a-liður 1. mgr. 25. gr.
- g) taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leitað annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-liður 1. mgr. 25. gr.
- h) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a-e liður 1. mgr. 26. gr.

- i) fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a og b-liður 1. mgr. 27. gr.
- j) gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.
- k) úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- l) gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.
- m) neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.
- n) skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.
- o) áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.
- p) senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.
- q) taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr
- r) taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla.
- s) ráðstöfun barns í fóstur, sbr. 65. gr.
- t) fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða fóstur liggur fyrir.
- u) gerð fóstursamnings, endurskoðun og slit fóstursamnings, sbr. XIII. kafli.
- v) ákvörðun um fjárhæð fósturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.
- w) gera tillögur um umgengni barns í fóstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.
- x) hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða sambýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum, a og b-liður 84. gr.
- y) hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.
- z) sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr.
- aa) tilnefning málstjóra, sbr. 20. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

Um valdframsal til nefnda og/eða starfsmanna Borgarbyggðar, málsmeðferð og endurupptöku mála samkvæmt þessari grein er vísað til gildandi samþykktar um stjórn Borgarbyggðar enda hafa sveitarstjórnir sveitarfélaganna ekki boðvald yfir Borgarbyggð og starfsmönnum þess sveitarfélags.

3. gr.

Borgarbyggð ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur því ákvarðanir um útgjöld í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og þeim afmörkunum sem fram koma í 8. gr. samningsins. Aðkoma sveitarfélaganna að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggt í samræmi við IV. kafla samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

Borgarbyggð er heimilt að gera þjónustusamning við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga bs. um aðkomu starfsmanna byggðasamlagsins að meðferð barnaverndarmála samkvæmt viðauka þessum.

Sérkostnaður, eins og hann er skilgreindur í a.- og c. lið 13. gr. samningsins, skal greiddur af lögheimilissveitarfélagi en sameiginlegur grunnkostnaður greiðist af hverju aðildarsveitarfélagi. Um innbyrðis uppgjör aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins fer samkvæmt gildandi samningi um byggðasamlagið.

Við undirritun þessa viðauka liggur frammi kostnaðarútreikningur sem skal vera til viðmiðunar við útreikning á skiptingu sameiginlegs grunnkostnaðar. Samkvæmt þeim útreikningum eru kostnaðarliðir 45% af heildarlaunum félagsmálastjóra, eða sem nemur 8.540.210 kr. á ári; og 5% af heildarlaunum sviðsstjóra, eða sem nemur 993.278 kr. Kostnaðarliður vegna umsýslugjalds er áætlaður kostnaður við rekstur skrifstofu Borgarbyggðar, eða sem nemur 1.800.000 kr. á ári. Samtals nema framangreindir kostnaðarliðir 11.333.488 kr. við undirritun þessa viðauka. Kostnaðarliðir skulu uppreiknaðir ársfjórðungslega og miðað við raunkostnað, einkum þegar litið er til fjárhagsáætlunar hvers árs og skal Borgarbyggð senda út reikning vegna þjónustunnar ársfjórðungslega. Borgarbyggð ber sem nemur 46,39%, Hvalfjarðarsveit sem nemur 8,68% og sveitarfélögin sem nemur 44,93% af framangreindum

kostnaðarliðum sameiginlegs grunnkostnaðar. Skulu hlutföll þessi endurskoðuð árlega m.t.t. íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands. Að öðru leyti vísast til 13. gr. samningsins.

4. gr.

Viðauki þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og að fenginni staðfestingu sveitarstjórna allra hlutaðeigandi sveitarfélaga, sbr. 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

Viðauki þessi gildir til 31. desember 2028 en framlengist um tvö (2) ár í senn ef honum er ekki sagt upp, sbr. 16. gr. samningsins. Falli samningurinn, sem viðauki þessi er við, úr gildi þá fellur viðauki þessi úr gildi samhliða því.

Að öðru leyti en greinir í viðauka þessum vísast til ákvæða samnings Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem gildir um samningssamband þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að viðauka þessum.

Undirritað rafrænt í ágúst 2026

Með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna allra hlutaðeigandi sveitarfélaga

f.h. Borgarbyggðar

Unnur Brá Konráðsdóttir
bæjarstjóri

f.h. Eyja- og Miklaholtshrepps

Sigurbjörg Ottesen
Oddviti

f.h. Grundarfjarðarbæjar

Birkir Jón Jónsson
bæjarstjóri

f.h. Hvalfjarðarsveit

Bjarki Þorsteinsson
sveitarstjóri

f.h. Snæfellsbæjar


Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

f.h. Sveitarfélagsins Stykkishólms

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson
bæjarstjóri

Undirritunarsíða

Kristinn Jónasson




Undirritað af:
Kristinn Jónasson
3009653779
Dags: 27.08.2026
Tími: 20:22:44
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

Unnur Brá Konráðsdóttir




Undirritað af:
Unnur Brá Konráðsdóttir
0604745839
Dags: 28.08.2026
Tími: 10:09:58
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

Björn Bjarki Þorsteinsson




Undirritað af:
Björn Bjarki Þorsteinsson
0407685059
Dags: 28.08.2026
Tími: 08:45:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson




Undirritað af:
Jakob Björgvin
Sigríðarson Jakobsson
0609825549
Dags: 28.08.2026
Tími: 12:27:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

Birkir Jón Jónsson



Undirritað af:
Birkir Jón Jónsson
2407795289
Dags: 27.08.2026
Tími: 16:43:43
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

Sigurbjörg Ellen Ottesen



Undirritað af:
Sigurbjörg Ellen Ottesen
0507823959
Dags: 31.08.2026
Tími: 11:30:00
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9fdb856-aa66-4b8f-81db-c3b242645240

AUGLÝSING

um staðfestingu samnings um barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

Ráðuneytið hefur staðfest meðfylgjandi samning sem sveitarstjórnir Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar hafa gert með sér um barnaverndarþjónustu með vísan til 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002 og 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Borgarbyggð tekur að sér meðferð mála vegna barnaverndarþjónustu fyrir Hvalfjarðarsveit samkvæmt nánari ákvæðum samningsins. Sveitarfélögin mynda sameiginlegt umdæmi um barnaverndarþjónustu og er Borgarbyggð leiðandi sveitarfélag.

Fagleg ábyrgð og ákvarðanataka er hjá Borgarbyggð, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011. Starfsfólk félagsþjónustuvæða lýtur boðvaldi Borgarbyggðar í málum sem heyra undir samninginn.

Samningurinn sem er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Mennta- og barnamálaráðuneytinu, 8. janúar 2024.

F. h. r.
Erna Kristín Blöndal.

Áslaug Magnúsdóttir.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR um barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

I. KAFLI Almenn ákvæði.

1. gr.

Samningsaðilar.

Borgarbyggð, kt. 510694-2289, og Hvalfjarðarsveit, kt. 630606-1950, gera með sér samning þennan um að Borgarbyggð taki að sér verkefni barnaverndarþjónustu samkvæmt barnaverndarlögum, nr. 80/2002, fyrir Hvalfjarðarsveit.

Borgarbyggð telst vera leiðandi sveitarfélag og tekur að sér framkvæmd verkefna sem tilgreind eru í 3. gr. og II. kafla samnings þessa á grundvelli heimildar 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011 um að sveitarfélög geti samið um að eitt sveitarfélag taki að sér verkefni fyrir annað eða önnur sveitarfélög.

Verði breytingar gerðar á aðild að samningi þessum, með fækkun eða fjölgun aðildarsveitarfélaga, verður gerður viðauki við samninginn. Viðaukar samningsins fara til tveggja umræðna og staðfestingar í sveitarstjórnnum allra aðildarsveitarfélaga í samræmi við 1. mgr. 18. gr. sveitarstjórnarlaga.

2. gr.

Markmið samningsins.

Sveitarfélögin hafa mikla og góða reynslu af samstarfi sín á milli. Með samningi þessum er markmiðið að Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit vinni saman að barnavernd í Hvalfjarðarsveit. Felur það í sér að Borgarbyggð ber fulla ábyrgð á barnaverndarþjónustu í Hvalfjarðarsveit og ber jafnframt ábyrgð á fullnaðarafgreiðslu barnaverndarmála. Yfirmaður barnaverndarþjónustu í Borgarbyggð telst því yfirmaður barnaverndarþjónustu í Hvalfjarðarsveit. Aðildarsveitarfélögin bera ábyrgð á að hæft starfsfólk sé til staðar, sbr. barnaverndarlög, vegna vinnslu mála hjá barnaverndarþjónustunni í heild. Starfsfólk Hvalfjarðarsveitar í barnavernd lýtur ákvörðunarvaldi yfirmanns barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar í þeim málum sem heyra undir samning þennan. Að öðru leyti fer Hvalfjarðarsveit

með ákvörðunarvald er varðar starfsmannamál starfsfólks Hvalfjarðarsveitar, þ. á m. ráðningu og starfslok, sbr. 5. mgr. 7. gr. samnings þessa. Við framkvæmd verkefna er falla undir þennan samning skulu íbúar Hvalfjarðarsveitar eiga sama rétt til aðgangs og þjónustu og íbúar Borgarbyggðar.

3. gr.

Málaflókkar.

Hvalfjarðarsveit felur Borgarbyggð að vera leiðandi sveitarfélag í framkvæmd og rekstri barnaverndarþjónustu skv. 10., 11. og 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Ekki er unnt að skuldbinda samningsaðila umfram það sem tiltekið er í samningi þessum. Komi til ítarlegri lýsing á hlutverki samningsins eða verkefnum bætt við samninginn verður það aðeins gert með samþykki beggja samningsaðila.

4. gr.

Valdheimildir.

Borgarbyggð er leiðandi sveitarfélag og felur það í sér að Hvalfjarðarsveit hefur framselt vald til töku ákvarðana í málaflókkum sem undir samninginn heyra til Borgarbyggðar. Því liggur endanleg ábyrgð á ákvörðunum hjá Borgarbyggð eftir því sem við á samkvæmt viðkomandi lögum. Hvalfjarðarsveit skal tryggja að valdframsal til Borgarbyggðar sé í samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar eftir því sem við á.

Borgarbyggð hefur heimild til að framselja vald til töku stjórnvaldsákvæðana til nefnda eða starfsmanna og skal slíkt valdframsal útfært í samþykkt um stjórn Borgarbyggðar í samræmi við sveitarstjórnarlög og lög sem um stjórnvaldsákvörðunina gilda. Borgarbyggð tilkynnir Hvalfjarðarsveit um slíkt valdframsal.

Borgarbyggð ber fjárhagslega ábyrgð á verkefninu og tekur ákvarðanir um útgjöld í samræmi við fjárhagsáætlun hvers árs og þeim afmörkunum sem fram koma í 8. gr. samnings þessa. Aðkoma Hvalfjarðarsveitar að fjárhagslegum þáttum samningsins er tryggt í samræmi við IV. kafla samningsins.

5. gr.

Sjálfstæði barnaverndarþjónustu.

Samkvæmt III. kafla barnaverndarlaga er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að gefa barnaverndarþjónustu fyrirmæli um meðferð einstakra mála. Því eiga 2. málsl. 2. mgr. og 3. mgr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga ekki við um barnaverndarþjónustu og er sveitarstjórn, fastanefndum og nefndum ekki heimilt að hafa eftirlit með afgreiðslu einstakra mála barnaverndarþjónustu eða taka ákvörðun í barnaverndarmálum.

II. KAFLI

Verkefni og starfsfólk.

6. gr.

Verkefni barnaverndarþjónustu.

Verkefni barnaverndarþjónustu skv. barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru:

- a. að bera ábyrgð á barnavernd, verkefnum og ákvörðunum samkvæmt lögunum sem eru ekki sérstaklega falin öðrum, sbr. 10. gr.,
- b. ákvörðun um hvort hefja eigi könnun máls, sbr. 21. gr.,
- c. gerð og framkvæmd áætlunar um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- d. að taka ákvörðun um hvort loka eigi máli eða gera áætlun um meðferð máls, sbr. 23. gr.,
- e. að veita aðstoð, sbr. a–e-lið 1. mgr. 24. gr.
- f. að taka við forsjá eða umsjá barns og ráðstafa í föstur, sbr. a-lið 1. mgr. 25. gr.,
- g. að taka við forsjá eða umsjá barns og vista barn utan heimilis á heimili eða stofnun eða leita annarra úrræða skv. XIII. og XIV. kafla til umönnunar, rannsóknar, meðferðar eða stuðnings, sbr. b-lið 1. mgr. 25. gr.,
- h. að fara fram á það við umdæmisráð barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra, sbr. a–e-lið 1. mgr. 26. gr.,

- i. að fara fram á það við umdæmisráð, barnaverndar að ráðið úrskurði gegn vilja foreldra og/eða barns sem hefur náð 15 ára aldri, sbr. a- og b-lið 1. mgr. 27. gr.,
- j. að gera kröfu fyrir héraðsdómi að fengnum úrskurði umdæmisráðs, sbr. 1. mgr. 28. gr. og 29. gr.,
- k. úrræði vegna ófæddra barna, sbr. 1. mgr. 30. gr.,
- l. að gera kröfu fyrir dómi um sviptingu sjálfræðis barnshafandi einstaklings, sbr. 2. mgr. 30. gr.,
- m. neyðarráðstafanir, sbr. 31. gr.,
- n. skipan lögráðamanns eða taka yfir forsjá barns, sbr. 32. gr.,
- o. áætlun um tryggja umsjá barns sem barnaverndarþjónusta hefur tekið við umsjá eða forsjá með, sbr. 33. gr.,
- p. að senda inn beiðni til lögreglu um brottvikningu heimilismanns og nálgunarbann, sbr. 37. gr.,
- q. að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að skipa barni talsmann skv. 3. mgr. 46. gr.,
- r. að taka nauðsynlegar ákvarðanir um meðferð máls fyrir dómi skv. X. og XI. kafla,
- s. ráðstöfun barns í föstur, sbr. 65. gr.,
- t. að fara með alla vinnslu máls eftir að ákvörðun um vistun eða föstur liggur fyrir,
- u. gerð föstursamnings, endurskoðun og slit föstursamnings, sbr. XIII. kafla,
- v. ákvörðun um fjárhæð fösturlauna og framfærslueyris, sbr. 75. gr.,
- w. að gera tillögur um umgengni barns í föstri eða vistun við kynforeldra og aðra nákomna, sbr. 81. gr.,
- x. að hafa tiltæk úrræði, svo sem með rekstri vistheimila eða samþýla til að veita börnum móttöku að uppfylltum skilyrðum a- og b-liðs 84. gr.,
- y. að hafa tiltækar stuðningsfjölskyldur, sbr. 85. gr.,
- z. sumardvöl á vegum barnaverndarþjónustna, sbr. 86. gr. og
- aa. tilnefning málsstjóra, sbr. 19. gr., sbr. lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.

Auk þess veitir barnaverndarþjónustan umsagnir vegna ættleiðingar skv. 16. og 31. gr. laga um ættleiðingar nr. 130/1999.

7. gr.

Starfsfólk.

Borgarbyggð ræður sér starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Borgarbyggðar. Borgarbyggð skal að lágmarki ráða:

- a. Stjórnanda sem ber ábyrgð á barnaverndarþjónustu og
- b. a.m.k. tvö stöðugildi sérhæfðs starfsfólks í barnavernd, stjórnandi getur talist annað af þessum tveimur stöðugildum.

Jafnframt skal barnaverndarþjónustan hafa aðgang að félagsráðgjafa, starfsmanni með annars konar uppeldismenntun, þjónustu sálfræðings, lögfræðings og eftir atvikum öðrum sérfræðingum. Borgarbyggð ber ábyrgð á gerð ráðningar-, verktaka- eða þjónustusamnings við þjónustuaðila. Heimilt er að gera samninga við aðildarsveitarfélög eða einkaaðila um þá þjónustu.

Borgarbyggð er heimilt að gera samninga við einkaaðila um framkvæmd þjónustu og verkefna sem falla undir samning þennan, svo sem um sálfræðiþjónustu, lögfræðiþjónustu og aðra sérhæfða þjónustu, og ber að ganga úr skugga um að viðkomandi aðili uppfylli lögskyld skilyrði til þeirrar starfsemi, s.s. rekstrarleyfi frá Gäða- og eftirlitsstofnun velferðarmála.

Þeir starfsmenn Borgarbyggðar sem vinna að þeim verkefnum sem heyra undir samning þennan skulu vinna þau í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 sem og önnur lög er eiga við um viðkomandi málaflokk og framkvæmd verkefna sveitarfélaga.

Hvalfjarðarsveit ræður sitt starfsfólk og veitir þeim lausn frá störfum í samræmi við gildandi samþykkt um stjórn Hvalfjarðarsveitar. Hvalfjarðarsveit skal að lágmarki ráða:

- a. Eitt stöðugildi sérhæfðs starfsfólks í barnavernd sem kemur að meðferð barnaverndarmála í Hvalfjarðarsveit. Sá starfsmaður sinnir einnig almennri félagsþjónustu í Hvalfjarðarsveit.

Starfsmaðurinn lýtur stjórnunar- og ákvörðunarvaldi Borgarbyggðar vegna vinnslu mála í barnavernd. Starfsmaðurinn getur ekki tekið stjórnvaldsákvæðanir þar sem Borgarbyggð er leiðandi sveitarfélag og hefur valdframsal átt sér stað til starfsfólks Borgarbyggðar.

III. KAFLI

Samráð og upplýsingagjöf.

8. gr.

Samráð og stefnumarkandi ákvarðanir.

Tvisvar á ári skulu haldnir samráðsfundir með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar og Borgarbyggðar um efni og framkvæmd samningsins óski einhver samningsaðila eftir slíkum fundi.

Borgarbyggð skal boða til samráðsfundar með fulltrúum Hvalfjarðarsveitar áður en stefnumarkandi ákvarðanir koma til staðfestingar í sveitarstjórn Borgarbyggðar. Um er að ræða ákvarðanir eða ráðstafanir sem vænta má að breyti forsendum rekstrar viðkomandi verkefnis samkvæmt samningi þessum, að svo miklu leyti að breytingar hafi veruleg áhrif á þjónustu eða kostnað Borgarbyggðar við íbúa Hvalfjarðarsveitar. Ákvarðanir samkvæmt þessari grein mega þó ekki varða verulega fjárhag aðildarsveitarfélaganna enda geta viðkomandi sveitarstjórnir eingöngu tekið slíkar ákvarðanir skv. 1. mgr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga. Nánar er fjallað um fjármál í IV. kafla þessa samnings.

9. gr.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar fer með yfirstjórn barnaverndarþjónustu fyrir aðildarsveitarfélög samningsins skv. 1. mgr. 12. gr. barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Velferðarnefnd Borgarbyggðar markar stefnu og gerir framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar á öllu þjónustusvæðinu skv. 9. gr. barnaverndarlaga og sendir sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga samningsins til staðfestingar.

10. gr.

Upplýsingagjöf.

Fulltrúar í sveitarstjórn og nefndum Hvalfjarðarsveitar eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefnið hjá Borgarbyggð og sveitarstjórnarfulltrúar Borgarbyggðar samkvæmt 28. og 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

Borgarbyggð ber ábyrgð á miðlun upplýsinga og gagna til annarra samstarfsaðila skv. 8. tölul. 4. mgr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga og á grundvelli annarra sérlaga.

Að öðru leyti gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga um upplýsingarétt sveitarstjórnarfólks, lög um persónuvernd og miðlun persónuupplýsinga, nr. 90/2018, sem og önnur lög sem gilda um viðkomandi málaflokka.

IV. KAFLI

Fjármál og eignarhald.

11. gr.

Fjárhagsáætlun.

Borgarbyggð ber ábyrgð á því að áætla hver kostnaður er vegna þeirra þjónustubátta sem samningur þessi tekur til en að höfðu samráði við Hvalfjarðarsveit.

Hvalfjarðarsveit hefur heimild til að fá afrit af fyrstu drögum og uppfærðum drögum þegar þau liggja fyrir hjá Borgarbyggð að fjárhagsáætlun þeirra deilda sem tengjast veitingu þjónustunnar gagnvart sveitarfélögunum. Komi til þess að gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun sem varðar þær deildir sem veita Hvalfjarðarsveit þjónustu tilkynnir Borgarbyggð það til Hvalfjarðarsveitar. Borgarbyggð sendir endanlega útgáfu af fjárhagsáætlun til Hvalfjarðarsveitar að lokinni samþykkt við síðari umræðu. Að lokinni samþykkt sveitarstjórnar Borgarbyggðar getur Hvalfjarðarsveit fengið afhent afrit af fjárhagsáætlun viðkomandi deilda.

Borgarbyggð ber ekki ábyrgð á því að áætla kostnað vegna samninga eða að tilkynna um útgjöld fyrir fram, umfram það sem leiðir af samningi þessum og þeim reiknireglum sem í þeim eru.

12. gr.

Ársuppgjör.

Borgarbyggð ber ábyrgð á að útbúa ársuppgjör fyrir þjónustuna sem send er Hvalfjarðarsveit til upplýsinga. Ársuppgjörin skal taka mið af lögum og reglum um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

Að öðru leyti er það Borgarbyggð sem sér um reikningsskil vegna þjónustunnar og er hún hluti af ársreikningi sveitarfélagsins og lagður fyrir sveitarstjórn til meðferðar og afgreiðslu í samræmi við VII. kafla sveitarstjórnarlaga.

Hvalfjarðarsveit skal gera grein fyrir kostnaði vegna þjónustunnar í samræmi við lög og reglur um bókhald og fjármál sveitarfélaga.

13. gr.

Fjárhagslegt uppgjör.

Hvalfjarðarsveit greiðir sérkostnað vegna barnaverndarþjónustu sem er eftirfarandi:

- Allur kostnaður vegna úrræða og stuðnings, þar með talið sérfræðikostnaður, sálfræðiþjónusta, málskostnaður á æðra dómstigi o.fl.
- Kostnaður vegna mála sem tekin eru fyrir í umdæmisráði.
- Kostnaður vegna bakvakta og útkalla ef Borgarbyggð veitir slíka þjónustu fyrir Hvalfjarðarsveit.

Hvalfjarðarsveit greiðir einnig sameiginlegan kostnað sem skiptist eftir íbúafjölda Borgarbyggðar, Hvalfjarðarsveitar og annarra sveitarfélaga ef Borgarbyggð tekur að sér að vera leiðandi sveitarfélag fyrir önnur sveitarfélög.

Sameiginlegur kostnaður er m.a.:

- Stjórnsýsla er snýr að barnaverndarþjónustu.
- Lögfræðiþjónusta í barnaverndarþjónustu, þ.e. ráðgjöf, framfylgd mála vegna ákvarðana umdæmisráðs landsbyggðar og önnur tilfallandi mál áður en til meðferðar dómstóla kemur.

Fyrir þjónustuna á árinu 2023 greiðir Hvalfjarðarsveit 5.734.095 kr. Greiðslan er 15,76% af áætluðum kostnaði vegna yfirstjórnar barnaverndar og sameiginlegs kostnaðar allra sveitarfélaga í þjónustu Borgarbyggðar á árinu 2023 og byggir á fyrirliggjandi kostnaðaráætlun, sem sýnir útskiptingu á kostnaði allra sveitarfélaganna sem koma að barnaverndarþjónustunni á svæðinu. Kostnaðarliðir eru nánar tiltekið 100% laun tveggja félagsráðgjafa, 45% launa félagsmálastjóra og samtals 13% launa sviðsstjóra auk umsýslugjalds að fjárhæð 1.800.000 kr. á ári. Kostnaðarliður vegna umsýslugjalds er áætlaður kostnaður við rekstur skrifstofu Borgarbyggðar (deild 21 – 410). Hvalfjarðarsveit greiðir 0,65% af áætluðum kostnaði. Umsýslugjald er uppreiknað með sama hætti og aðrir kostnaðarliðir ársfjórðungslega og miðað við raunkostnað. Hvalfjarðarsveit skal greiða kostnað vegna ársins 2023 á yfirstandandi ári eða fyrir 31. desember 2023.

Borgarbyggð sendir Hvalfjarðarsveit reikning vegna þjónustunnar ársfjórðungslega.

Greiðslan er byggð á áætlun um kostnað við þjónustuna. Verði veruleg breyting á kostnaði, meira en 3% frávik, frá áætlun, skal Borgarbyggð upplýsa Hvalfjarðarsveit og greiðslur taka mið af raunkostnaði annaðhvort til lækkunar eða hækkunar.

Greiðsla vegna þjónustunnar skal endurskoðuð ár hvert miðað við íbúafjölda skv. Hagstofu Íslands í janúar ár hvert og á grundvelli fjárhagsáætlunar hvers árs.

14. gr.

Eignarhald á mannvirkjum, rekstrartækjum og öðrum verðmætum, ef við á.

Mannvirki, rekstrartæki og önnur verðmæti í eigu sveitarfélaganna verða það áfram eftir gildistöku samningsins. Komi til nýrra framkvæmda á samningstímanum munu samningsaðilar komast að samkomulagi um eignarhald þeirra, hlutdeild og kostnaðarskiptingu.

Kaup á búnaði sem nýttur er við að veita þjónustu samkvæmt samningi þessum telst eign þess aðila sem greiddi.

V. KAFLI
Gildistaka og uppsögn.

15. gr.

Gildistaka og gildistími.

Samningur þessi tekur gildi við birtingu í Stjórnartíðindum og að fenginni staðfestingu sveitarstjórna Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar auk mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Samningur þessi gildir til 30. júní 2025. Samningurinn framlengist um tvö ár í senn ef samningnum er ekki sagt upp, sbr. uppsagnarákvæði í 16. gr.

16. gr.

Breytingar og uppsögn samnings.

Tillögur um breytingar á ákvæðum samnings þessa skulu koma til umræðu á samráðsfundi sveitarfélaganna, sbr. 8. gr. samningsins.

Ákveði annað aðildarsveitarfélaganna að segja upp samningi þessum, skal sú ákvörðun tilkynnt hinu skriflega.

Sveitarfélögin skulu leitast við að komast að samkomulagi um gildistöku uppsagnar, en uppsagnarfrestur skal að jafnaði ekki vera styttri en sex mánuðir að telja frá næstu mánaðamótum eftir að tilkynning um uppsögn berst.

Ef bæði aðildarsveitarfélögin eru um það sammála er heimilt að slíta samstarfi á skemmri tíma en sex mánuðum.

17. gr.

Ágreiningur.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skal honum vísað til héraðsdóms Vesturlands, náist ekki samkomulag milli aðila.

Kristinn Jónasson

From: Bára Daðadóttir <barad@ssv.is>
Sent: föstudagur, 28. ágúst 2026 13:01
To: sturlaugur@akranes.is; Ragnar B. Sæmundsson; bjarki@hvalfjardarsveit.is; unnurbra@borgarbyggd.is; Jakob Björgvin Jakobsson; Kristinn Jónasson; Birkir Jón Jónsson; Sveitarstjóri Dalabyggð; Hildigunnur Árnadóttir; Freyja Pöll Smáradóttir; Hlöðver Gunnarsson; Erla Björg Kristjánsdóttir; Ingveldur Eypórsdóttir; Jóna Björg Guðmundsdóttir
Subject: Minnisblöð v/skammtímadvalar í Holti
Attachments: 28.8.2026. Minnisblad v-skammtímadvalar í Holti[97].pdf; Minnisblad_Holt_26_agust_2026 Leið 3 sveitastjórar[76].pdf

Sæl öll

Hér í viðhengi eru tvenn skjöl; minnisblað vegna skammtímadvalar í Holti og minnisblað vegna kostnaðarskiptingar sveitarfélaganna á Vesturlandi vegna skammtímadvalar í Holti.

Niðurstaða fundar okkar í dag, 28.ágúst 2026 var að samþykkt var af öllum fundarmönnum að leggja þessi gögn fyrir fagráð og sveitarstjórnir sveitarfélaganna. Samkvæmt samtali var einhugur um að málið yrði afgreitt innan tveggja vikna, að undanskyldu sveitarfélaginu Stykkishólmi þar sem næsti fundur sveitarstjórnar þar er þann 3.október nk. en sveitarstjóri Stykkishólms hyggst upplýsa sitt sveitarstjórnarfolk um stöðu mála og fara óformlega yfir málið áður en það verður formlega tekið fyrir svo áframhaldandi vinna geti haldið áfram.

Með kærri kveðju / Best regards

Bára Daðadóttir
Verkefnastjóri farsældarmála

☎ +354 433 2310 / [+354 863 5804](tel:+3548635804)

barad@ssv.is / www.ssv.is www.facebook.com/ssvesturland

Velferðarstefna Vesturlands



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á VESTURLANDI



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Skammtímadvöl í Holti – minnisblað

Staða og tillaga að áframhaldandi vinnu

Upphaf verkefnisins

- Verkefnið hófst í nóvember 2024 þegar stjórnendur í velferðarþjónustu á Vesturlandi ákváðu að kortleggja þörf fyrir sameiginlega skammtímadvöl fyrir börn og ungmenni með stuðningsþarfir.
- Stjórnendur í velferðarþjónustu á Vesturlandi fengu heimild fyrir áframhaldandi vinnu að verkefninu.
- Þroskahjálp á Vesturlandi hefur áhuga á samstarfi um húsnæðið Holt og ætla að ráðast í endurbætur svo húsnæðið uppfylli kröfur um algilda hönnun og ákvæði reglugerðar 1037/2018 um starfsemi og aðbúnað á skammtímadvalarstöðum. Í drögum að leigusamningi kemur það skýrt fram.
- Í desember 2025 var undirrituð sameiginleg viljayfirlýsing og síðan unnið að útfærslu þjónustu, húsnæðis, rekstrar og stofnunar.

Staða verkefnisins

- Lagt er til að reksturinn verði í formi sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri (ses.) samkvæmt lögum nr. 33/1999.
- Drög liggja fyrir að stofnskrá, leigusamningi, rekstraráætlun, umsókn um starfsleyfi og þarfagreiningu húsnæðis.
- Fyrirhuguð leiga á Holti er 250.000 kr. á mánuði. Þroskahjálp á Vesturlandi ber kostnað af nauðsynlegum endurbótum samkvæmt fyrirliggjandi drögum.
- Framkvæmdir hafa ekki hafist þar sem endanleg ákvörðun sveitarfélaganna um áframhald verkefnisins liggur ekki fyrir.
- Haldnir voru tveir fundir með framkvæmdastjórum sveitarfélaganna og stjórnendum í velferðarþjónustu á Vesturlandi, dagana 26. og 28. ágúst 2026.
- Á fundunum var samhugur um þá nálgun sem hér er lögð til við uppbyggingu og rekstur skammtímadvalar í Holti.
- Niðurstaðan er að sú leið verði lögð fyrir fagrað og sveitarstjórnir sveitarfélaganna til formlegrar afgreiðslu.

Rök fyrir sameiginlegri skammtímadvöl

- Tryggir jafnara aðgengi að þjónustu fyrir börn og fjölskyldur á öllu Vesturlandi, óháð búsetu.
- Eykur fyrirsjáanleika fyrir börn, fjölskyldur og sveitarfélög og auðveldar langtímaskipulag þjónustunnar.
- Gerir reksturinn raunhæfari fjárhagslega, þar sem stofn- og rekstrarkostnaður dreifist á fleiri sveitarfélög.
- Nýtir betur fagþekkingu og mannauð.
- Styður fjölskyldur fyrr og betur. Reglubundin skammtímadvöl getur létt á langvarandi umönnunarálagi, stutt foreldra og systkini og dregið úr líkum á að síðar þurfi umfangsmeiri úrræði.
- Skapar betri yfirsýn yfir þarfir barna og ungmenna og getur þannig stuðlað að markvissari þjónustu og framtíðarstuðningi.
- Er í takt við þróun í skipulagi þjónustu við fatlað fólk, þar sem áhersla er á stærri þjónustusvæði.

Næstu skref

- Kynna sameiginlega niðurstöðu fyrir fagraðum og sveitarstjórnunum á Vesturlandi.
- Óska eftir formlegri afstöðu sveitarfélaganna til þátttöku og stofnunar sjálfseignarstofnunar.
- Að fengnu samþykki verði gengið frá stofnskjöllum, leigusamningi, framkvæmdum og starfsleyfi.



Til: Bæjar- og sveitarstjóra þátttökusveitarfélaganna

Frá: Stjórnendum í velferðarþjónustu á Vesturlandi

Efni: Útfærsla Leiðar 3, kostnaðarliðir og árlegt verklag

Dagsetning: 26. ágúst 2026

1. Tilgangur og niðurstaða í stuttu máli

Tilgangur minnisblaðsins er að lýsa Leið 3 í kostnaðarskiptingu sveitarfélaga vegna skammtímadvalar milli átta sveitarfélaga, þar sem kostnaðargrunnurinn byggir á jafnri grunnreiðslu, þjónustunotkun og íbúafjölda.



- ✓ Jöfn grunnreiðsla: 1.000.000 kr. á hvert sveitarfélag
- ✓ 9,5% af heildarkostnaði
- ✓ Eftirstöðvum skipt: þjónustunotkun 53% og íbúafjöldi 37%

- ✓ Áætlaður heildarkostnaður 2027: 84.489.688 kr.
- ✓ Átta sveitarfélög taka þátt
- ✓ Áætluð heildarþjónustunotkun: 729,3 gistinætur

2. Forsendur rekstraráætlunar 2027

Forsenda	Gildi	Skýring
Starfstími	11 mánuðir	Lokað í júlí.
Opnun	Opið föstudag til mánudags	Takmörkuð opnun samkvæmt rekstrarsviðsmynd.
Opnunardagar	143 dagar	Áætlaðir þjónustudagar ársins.
Þjónustuþegar	Hámark 6 á hverjum tíma	Hámarksfjöldi samtímanotenda.
Áætluð nýting	85%	Notuð við útreikning á áætluðum gistinóttum.
Rekstrarkostnaður á dag í þjónustu	590.837 kr.	Heildarkostnaður / 143 opnunardagar.
Áætlaður heildarkostnaður	84.489.688 kr.	Samtala kostnaðarliða í töflu 3.

3. Kostnaðargrunnur Leiðar 3

Kostnaðarliður	Áætlun 2027	Reikniforsenda
Bókhald, rekstur og umsýsla félags	1.200.000 kr.	Fastur liður. M.a. gerð ársreiknings.
Forstöðumaður/forstöðumanneskja	12.000.000 kr.	Launaflokkur 181 samkvæmt líkaninu.
Deildarstjóri	9.240.000 kr.	Launaflokkur 166 samkvæmt líkaninu.
Almennir starfsmenn	40.218.750 kr.	Breytilegur liður: 90,0 m.kr. × 143/320 opnunardagar.
Launatengdur kostnaður	12.532.500 kr.	24% af kostnaði forstöðumanns og almennra starfsmanna.
Leiga	3.000.000 kr.	Fastur rekstrarliður í líkaninu.
Annar rekstrarkostnaður Holti	3.798.438 kr.	Breytilegur liður: 8,5 m.kr. × 143/320 opnunardagar.
Leiga á bifreið	2.500.000 kr.	Sérstakur rekstrarliður.
Samtals	84.489.688 kr.	

4. Útreikningur samkvæmt Leið 3

Kostnaði er skipt í þrjá hluta. Jafna grunngreiðslan tryggir sameiginlega lágmarkspátttöku allra átta sveitarfélaganna. Eftirstöðvar skiptast samkvæmt áætlaðri notkun og íbúafjölda. Áætluð notkun hvers sveitarfélags mun án efa taka breytingum.

4.1 Skipting greiðslupátttöku

	Rekstrarhluti	Forsenda	Fjárhæð
	Jöfn grunngreiðsla	1.000.000 kr. frá hverju sveitarfélagi	8.000.000 kr.
	Þjónustunotkun	Hluttur greiðslueiningar í áætluðum gistinóttum	44.993.934 kr.
	Íbúafjöldi	Hluttur greiðslueiningar í heildaríbúafjölda	31.495.754 kr.
	Samtals		84.489.688 kr.

5. Skipting á milli sveitarfélaga samkvæmt líkaninu

Taflan sýnir útreikning samkvæmt forsendum líkansins fyrir árið 2027. Heildaríbúafjöldi er 17.997 og áætluð þjónustunotkun 729,3 gistinætur. **Gistináttafjöldi einstakra sveitarfélaga er áætlun og verður endurmetinn þegar reynsla liggur fyrir af raunverulegri notkun þjónustunnar.**

Áætlaður fjöldi gistinátta hvers sveitarfélags er sá þáttur líkansins sem líklegast er að taki mestum breytingum eftir að starfsemi hefst. Tölurnar fyrir árið 2027 byggja á fyrirbyggjandi mati á þjónustubörf en raunnotkun mun gefa mun traustari grunn fyrir áætlanagerð næstu ára.

Greiðslueining	Íbúar	Sólarhrin gar	Jöfn greiðsla	Eftir notkun	Eftir íbúum	Alls	Börn í þjónustu á mánuði
Akraneskaupstaður	8.440	342,0	1.000.000	21.100.672	14.770.471	36.871.143	10,4
Hvalfjarðarsveit	805	32,6	1.000.000	2.012.564	1.408.795	4.421.359	1,0
Borgarbyggð	4.154	168,3	1.000.000	10.385.331	7.269.732	18.655.063	5,1
Dalabyggð	653	26,5	1.000.000	1.632.552	1.142.786	3.775.338	0,8
Snæfellsnes	1.669	67,6	1.000.000	4.172.633	2.920.843	8.093.476	2,0
Grundarfjarðarbær	857	34,7	1.000.000	2.142.568	1.499.798	4.642.366	1,1
Stykkishólmur	1.300	52,7	1.000.000	3.250.104	2.275.072	6.525.176	1,6
Eyja- og Miklaholtshreppur	119	4,8	1.000.000	297.509	208.257	1.505.766	0,1
Samtals	17.997	729,3	8.000.000	44.993.934	31.495.754	84.489.688	22,1



6. Lykilatriði í rekstrarmódelinu

Rekstrarmódelið byggir á skýrum forsendum og föstum viðmiðum sem skapa fyrirsjáanleika og sanngirni milli sveitarfélaga.

- ✓ Átta sveitarfélög þurfa að staðfesta þátttöku í verkefninu.
- ✓ Árleg þjónustunotkun er áætluð fyrir hvert ár.
- ✓ Fasti kostnaðurinn er óbreyttur á milli ára nema annað sé ákveðið.
- ✓ Íbúatalan er endurskoðuð 1. október ár hvert við undirbúning næsta árs.
- ✓ Á sama tíma þarf tillaga um þjónustubörf og skiptingu hennar á milli sveitarfélaga að liggja fyrir.
- ✓ Tryggja þarf upphafskostnað með fjárframlagi sveitarfélaganna til að verkefnið geti hafist í janúar 2027, svo sem með ráðningu forstöðumanns.



7. Tillaga að gerð rekstraráætlunnar

Eftirfarandi skrefslýsing leggur til verkefnaflæði sem leiðir til samþykks kostnaðargrunns, skiptingar og greiðsluáætlunar fyrir árið 2027.

Skref	Tími	Aðgerð / afurð	Ábyrgð
1. Upphaf og ábyrgð	September	Rekstraraðili kallar eftir nauðsynlegum gögnum, staðfestir sniðmát, ábyrgð og skilafresti.	Forstöðumaður
2. Forsendur og gögn	10.September	Staðfesta opnun, mönnun, laun, nýtingu, gistinætur, íbúafjölda og aðra rekstrarliði sem mynda kostnaðargrunn.	Forstöðumaður
3. Kostnaðargrunnur	15.September	Uppfæra kostnaðaráætlun, skrá forsendur hvers liðar og greina hvort kostnaður sé fastur eða breytilegur.	Forstöðumaður
4. Útreikningur Leiðar 3	20.September	Reikna skiptingu samkvæmt Leið 3: jafna grunnreiðslu, hlutdeild eftir þjónustunotkun og hlutdeild eftir íbúafjölda.	Forstöðumaður og stjórn
5. Gæðaeftirlit og yfirferð	30.September	Stemma samtölur, sannreyna hlutföll, kanna tvítalningu og bera niðurstöðu saman við fyrri áætlun. Forstöðumaður leggur fram drög að áætlun fyrir stjórn.	Forstöðumaður og stjórn
6. Samráð	September–október	Kynna drög, forsendur, niðurstöður og möguleg frávík fyrir samstarfssveitarfélögunum.	Stjórnandi í hverju sveitarfélagi
7. Samþykkt og greiðsluáætlun	10.Október	Samþykkja kostnaðargrunn, skiptingu og greiðsluáætlun áður en fjárhagsáætlanir sveitarfélaga eru afgreiddar.	Stjórn



Rekstrarmódelið tryggir fyrirsjáanlega árlega áætlanagerð og skýrari skiptingu kostnaðar milli átta sveitarfélaga.

Áminning um ákvæði 16. gr. laga nr. 55/1992

From Náttúruhamfaratrygging Íslands <nti@nti.is>

Date Thu 8/27/2026 3:09 PM

 2 attachments (213 KB)

Bréf til sveitarfélaga frá NTÍ 10. september 2025.pdf; Áminning til sveitarfélaga vegna bréfs frá 10 september 2025 um 16 gr laga NTÍ.pdf;

Góðan dag,

Stjórn NTÍ samþykkti á fundi sínum í gær, þann 26. ágúst 2026, í ljósi nýafstaðinna sveitarstjórnarkosninga og tilheyrandi breytinga á sveitarstjórnarfulltrúum og starfsliði sveitarfélaga að minna á bréf sem sent var til sveitarfélaga þann 10. september 2025. Fyrir hönd stjórnarinnar förum við þess á leit að bréfinu verði komið til sveitarstjórnar og stjórnenda tækni og eftir atvikum fjármálasviða sveitarfélagsins.

Með kærri kveðju,

Fh. hönd stjórnar

Hulda Ragnheiður

Forstjóri Náttúruhamfaratryggingar Íslands



Hlíðasmára 14 – 201 Kópavogur

Sími 575-3301 og 892-1110

Netfang: hulda@nti.is

Til allra sveitarfélaga á Íslandi – skipulagsyfirvalda og sveitarstjórna

Kópavogur, 10. september 2025

Efni: Áhrif 16. gr. laga nr. 55/1992 ef byggingar eru reistar á svæðum sem fyrir fram er vitað að eru sérlega næm fyrir náttúruhamförum sem eru bótaskyldar hjá NTÍ.

NTÍ beinir sjónum sínum að vaxandi tjónum á nýlegum mannvirkjum á þekktum flóða-svæðum og talsverðrar umræðu um enn frekari framkvæmdir á slíkum svæðum. Með þessu bréfi er áréttuð lagaleg staða og ábyrgð sveitarfélaga í skipulagsmálum og réttur almennings til skýrra upplýsinga um takmarkanir á váttryggingarvernd og bótarétti skv. 16. gr. laga nr. 55/1992 þegar byggt er á svæðum með fyrir fram þekkta náttúruvá, einkum vegna vatns- og sjávarflóða.

Einnig viljum við benda á lög um mannvirki nr. 160/2010 og byggingarreglugerð nr. 112/2012 þar sem segir m.a. í gr. 1.1.1.

Markmið.

- Að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með því að kröfum um öryggi mannvirkja og heilnæmi sé fullnægt.*
- Að stuðla að endingu og hagkvæmni mannvirkja, m.a. með því að tryggja að þau séu hönnuð þannig og byggð að þau henti íslenskum aðstæðum.*

Náttúruhamfaratrygging Íslands hefur það hlutverk að bæta beint tjón sem verður af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Um er að ræða skyldutryggingu á öllum húseignum á Íslandi og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélögum með starfsleyfi á Íslandi. Einnig er skylt að váttryggja hitaveitur, vatnsveitur og skulpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs, hafnarmannvirki, raforkuvirki og síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera, brýr sem eru lengri en 50 m og skíðalyftur.

Markmiðið með lögum um NTÍ sem hóf starfsemi sína árið 1975, fyrst sem Viðlagatrygging Íslands og frá árinu 2018 sem Náttúruhamfaratrygging Íslands, er að bæta eignatjón þeirra sem verða fyrir eignatjóni af völdum náttúruhamfara.

Engu að síður eru ákvæði í 16. grein laganna, sem verndar sjóðinn og gætir hagsmuna heildarinnar gagnvart því að bótasjóðnum **sé almennt ekki ráðstafað** til að greiða bætur þar sem „**hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur**

oftar en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni.“ Einnig kemur til álita að lækka eða synja alveg bótakröfu ef „gerð eða viðhald húss eða annars vátryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið víðtækara af þeim sökum.“ Það sama á við um lausafé sem geymt er í slíkum mannvirkjum.

NTÍ undirstrikar að skipulag byggðar og leyfisveitingar á þekktum hættusvæðum eru á ábyrgð viðkomandi skipulagsyfirvalda og þeirra aðila sem velja að byggja og reka mannvirki á slíkum stöðum. Kaupendur húseigna geta ekki gengið út frá því sem vísu að tjónabætur verði greiddar þegar þeir kaupa eignir sem byggðar eru á svæðum þar sem hættan er fyrir fram þekkt eða endurtekin. Ábyrgð skipulagsyfirvalda er því mikil og hefur stjórn NTÍ falið undirritaðri að vekja sérstaka athygli sveitarfélaga á henni.

Með vísan til framangreinds ættu sveitarfélög að:

1. tryggja að áhættumat náttúruvár (sérstaklega vegna vatns- og sjávarflóða) sé uppfært og tekið með beinum hætti inn í aðalskipulag, deiliskipulag og skilmála byggingarleyfa;
2. haga skipulagi þannig að forvarnir og varnir (t.d. gólfkóti, flóðvarnarlausnir, fráveitukerfi, varúðarmörk) séu markvisst skilgreindar og fjármagnaðar áður en framkvæmdir hefjast;
3. upplýsa byggingarleyfishafa og kaupendur eigna skýrt um þekkta áhættu og mögulegar afleiðingar, þ.m.t. takmarkanir á bótarétti samkvæmt 16. gr.; og
4. leita eftir samráði við sérhæfð stjórnvöld í tengslum við skipulagsákvæðanir (s.s. HMS, Skipulagsstofnun, Vegagerðina og Veðurstofu Íslands) eftir því sem við á.

NTÍ er skylt á hverjum tíma að kanna gaumgæfilega hvort rétt sé að **beita 16. gr. laga nr. 55/1992** þegar skilyrði ákvæðisins eru uppfyllt. Ákvæði sem þetta hefur verið í lögum um Náttúruhamfaratryggingu Íslands frá upphafi, þ.e. síðan lög nr. 52/1975 tóku gildi. Þess eru þó vart dæmi að því hafi verið beitt. Samt sem áður hefur þótt nauðsynlegt að halda þessu heimildarákvæði í lögum til þess að unnt sé að sporna við óeðlilegum kröfum um bætur fyrir hús eða önnur mannvirki sem reist eru á hættulegum stöðum.

Vinsamlegast kynnið efni þessa bréfs fyrir viðeigandi starfsmönnum innan ykkar sveitarfélags.

Með virðingu og góðum kveðjum,



Hulda Ragnheiður Árnadóttir
Forstjóri NTÍ

Afrit: HMS, Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Veðurstofa Íslands

Dreifibréf til allra sveitarfélaga á Íslandi
beint til skipulagsyfirvalda og sveitarstjórna

Kópavogi, 27. ágúst 2026

Áminning um skipulag byggðar á þekktum hættusvæðum

Efni: Áhrif 16. gr. laga nr. 55/1992 um Náttúruhamfaratryggingu Íslands þegar byggt er á svæðum þar sem náttúruvá er fyrir fram þekkt.

Þann 10. september 2025 sendi Náttúruhamfaratrygging Íslands (NTÍ) bréf til allra sveitarfélaga þar sem vakin var athygli á áhrifum 16. gr. laga nr. 55/1992 þegar hús eða önnur mannvirki eru reist á svæðum sem almennt var vitað fyrir fram að væru hættuleg með tilliti til náttúruhamfara. Mikil viðbrögð voru við bréfinu og hefur NTÍ átt talsvert marga fundi með sveitarfélögum í framhaldi til að fara nánar yfir efni bréfsins.

Á 426. stjórnarfundum NTÍ þann 15. júní s.l. var undirritaðri falið að koma þessari áminningu á framfæri við sveitarfélög um land allt í ljósi þess að sveitarstjórnarkosningar eru nýafstaðnar með tilheyrandi breytingum á sveitarstjórnnum og mögulega meðal starfsfólks sveitarfélaga sem hefur með málaflökkinn að gera.

Samkvæmt 16. gr. laganna er heimilt að lækka bæt看 eða synja bótakröfu að fullu þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vitað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, meðal annars ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Ákvæðið nær einnig til lausafjár sem geymt er við slíkar aðstæður. Þá getur ákvæðið átt við ef gerð eða viðhald váttryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrimælum í settum rétti og það hefur leitt til tjóns eða aukið umfang þess.

NTÍ leggur áherslu á að skipulagsákvæðanir og leyfisveitingar á svæðum þar sem náttúruvá er þekkt byggist á vönduðu og uppfærðu áhættumati, viðeigandi sérfræðiráðgjöf og skýrri upplýsingagjöf til byggingarleyfishafa og kaupenda eigna. Váttryggingar eru ætlaðar til að bæta óvænt og ófyrirséð tjón. Ekki er því hægt að ganga út frá því sem vísu að fullar tjónabætur verði greiddar þegar byggt er við aðstæður sem falla undir 16. gr. laganna.

NTÍ hvetur sveitarfélög sérstaklega til að:

- kanna hvort áhættumat vegna náttúruvá sé uppfært og endurspeglar með skýrum hætti í skipulagi og skilmálum byggingarleyfa;
- skilgreina nauðsynlegar forvarnir og varnir áður en framkvæmdir hefjast;
- upplýsa byggingarleyfishafa og kaupendur eigna um þekkta áhættu og mögulegar takmarkanir á bótarétti samkvæmt 16. gr.; og
- hafa samráð við viðeigandi sérhæfð stjórnvöld, svo sem Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun, Vegagerðina og Veðurstofu Íslands, eftir því sem við á.

Óskað er eftir að efni þessarar áminningar og meðfylgjandi bréfs frá 10. september 2025 verði kynnt fyrir kjörnum fulltrúum og þeim starfsmönnum sveitarfélagsins sem fara með skipulagsmál, byggingarmál og leyfisveitingar.

Með virðingu og góðum kveðjum,

Hulda Ragnheiður Árnadóttir

forstjóri NTÍ

Fylgiskjal: Bréf NTÍ til sveitarfélaga, dags. 10. september 2025.